

# Árþing SÍK

Haldið í húsakynnum Gerplu, Versöllum  
Þriðjudaginn 8.júní 2021

Formaður SÍK Eysteinn Pétur Lárusson setti fundinn og farið var beint í þingstörf.

1. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.

Stungið var upp á 2 í stað 3 og var það samþykkt. Þeir sem hlutu kosningu voru Arnór Daði Gunnarsson og Björk Guðmundsdóttir

2. Kosning þingforseta og þingritara.

Lagt var til að Valdimar Leó Friðrikson yrði fundarstjóri og Marta Kristín Sigurjónsdóttir yrði þingritari og var það samþykkt. Og tók Valdimar yfir stjórn fundarins.

3. Ávörp gesta.

Valdimar lagði til að hérna fengi Sigursteinn Snorrason að taka til máls og kynna sitt félag Taekwondofélag Kópvogs sem var að óska eftir inngöngu í SÍK. Og var það samþykkt. Hann fór stutt yfir sölu félagsins.

4. Ársskýrsla stjórnar lögð fram og reikningar.

Eysteinn Pétur fór yfir skýrslu stjórnar og Olga Bjarnadóttir fór yfir reikninga.

5. Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga. Atkvæði greitt um reikningana.

Engar umræður voru um skýrslu stjórnar. Arnar Daði fór yfir kjörbréfin og var Gerpla með 5 fulltrúa af 10, Breiðablik með 5 fulltrúa af 10, HK með 3 fulltrúa af 10 og Gló með 1. Eftir það voru reikningar lagði til samþykktar og voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

6. Lagabreytingar

- Viðbót við 9.grein og að greinin verði svona

## 9. gr.

Árþing SÍK er fulltrúaðing og er æðsta framkvæmdavald um málefni þess. Árþingið skal ekki haldið sjaldnar en á tveggja ára fresti á tímabilinu 1. maí - 31. júlí. Boða skal þingfulltrúa til árþings

bréflaga með tveggja vikna fyrirvara og skal fylgja dagskrá þingsins, ásamt ársskýrslum og reikningum SÍK, kjörbréfaeyðublöð auk tillagna og mála sem leggja á fyrir þingið.

Tillögur um lagabreytingar og skipulagsmál, sem óskast teknar fyrir á þinginu, skulu hafa borist stjórn í síðasta lagi 10. apríl ár hvert.

Mánuði áður en ársþing er boðað, skal senda öllum aðildarfélögum skrá um hve marga fulltrúa hvert félag má senda á þingið.

Ársþing SÍK er lögmeitt ef löglega er til þess boðað. Þing má ekki halda á sömu dögum og íþróttþing eða formannafundur ÍSÍ og UMFÍ.

Kjörnefnd starfar til loka næsta þings. Tilkynningar um framboð skulu berast kjörnefnd eigi síðar en 3 vikum fyrir ársþings. Hafi ekki nægilegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt aðildarfélögum. Hafi, þrátt fyrir það, eigi borist næg framboð skal kjörnefnd hlutast til um að afla nauðsynlegs fjölda framboða. Til að tilkynning um að framboð teljist löglegt skal eitt félag sem á aðild að SÍK hafa lýst yfir stuðningi við það. Kjörnefnd er eftirlitsaðili með kosningum á ársþingi SÍK.

- Breyting á 12.grein að hún verði svona

#### 12. gr.

Dagskrá ársþings SÍK skal vera þessi:

Þingsetning.

1. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
2. Kosning þingforseta og þingritara.
3. Ávörp gesta.
4. Ársskýrsla stjórnar lögð fram og reikningar.
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Atkvæði greidd um reikningana.
6. Lagabreytingar, ef fyrir liggja.
7. Tillögur og mál er liggja fyrir þinginu.
8. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs og tillögur um skattgreiðslur félaganna.
9. Kosningar:
10. kosinn formaður til tveggja ára
11. kosnir 3 stjórnarmenn til fjögurra ára
12. kosnir 3 varamenn til fjögurra ára
13. kosnir skoðunarmanns reikninga og 1 til vara
14. kosnir 3 manna kjörnefnd og 1 til vara.
15. kosnar fastanefndir, ef þingið ákveður

- Breyting á 13.grein að hún verði svona

#### 13. gr.

Í málum sem tilkynnt hafa verið í þingboði, hvort sem er á reglulegu ársþingi eða aukþingi, ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Til að taka meg til meðferðar á þinginu mál, sem ekki er getið í fundarboði þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða og 4/5 greiddra atkvæða til að samþykkja þau. Lagabreytinga þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

- Ákvæði til bráðabirgða dettur út
- 9.gr - Fyrirspurn um kjörnefnd, hvort hún gildi í 2 ár. Samþykkt
- 12.gr – engar athugasemdir – samþykkt
- 13.gr samþykkt
- Lögin í heild samþykkt

#### 7. Tillögur og mál er liggja fyrir þinginu.

- Taka inn 3 ný félög
- Knattspyrnufélagið Miðbær – Jóakim frá kom og kynnti
- Taekwondofélag Kópavogs - Sigursteinn Snorrason, kynnti sitt fé
- Bogfímifélagið Boginn –
- Öll gögn liggja fyrir. Engar athugasemdir. Samþykkt samhljóða að taka þessi félög inn

#### 8. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs og tillögur um skattgreiðslur félaganna.

- Olga Bjarnadóttir kynnti.
- Fyrirspurn úr sal, hækka iðkenndastyrkir í samræmi. Olga Bjarna svaraði því að það væri ekki á þeirra höndum.
- Margrét engin launagreiðsla frá félaginu? Enginn á laun frá SÍK.
- Í samþykktum Kópavogs að 67 ára og eldri eigi að fá iðkenndastyrkt. Reglur SÍK eiga ekki við um það. Eysteinn svaraði að því. Jón Júlísson svaraði að þetta væri ekki komið til framkvæmda.

#### 9. Kosningar:

#### 10. Kosinn formaður

- Eitt framboð, Eysteinn samþykkt með lófaklappi

#### 11. Kosnir 3 stjórnarmenn til fjöggra ára

- Olga Bjarnadóttir
- Hanna Carla Jóhannsdóttir
- Jón Finnbogason

#### 12. Kosnir 1 varamaður til fjöggra ára

- Þórólfur Heiðar Þorsteinsson

### 13. Kosnir skoðunarmans reikninga

- Pétur Örn Magnússon

### 14. Kjörnefnd

- Hildur Gottskáldsdóttir
- Sigurjón Sigurðsson
- Sveinn Gíslason

### 15. Kosnar fastanefndir, ef þingið ákveður

Beiðni um að hleypa að liðnum önnur mál, sem var samþykkt

- Jón Finnbogason tók til máls. Benti á að Bæjarstjórnarfundur á væri á sama tíma og benti á að gott væri að huga því að þetta rækist ekki á næst.
- Sveinn Gíslason, benti á að styrkur til afreksíþróttirnar væri lítill, það væri eitthvað sem þyrfti að bæta úr.
- Einar Þorvaðarson þakkaði fyrir góða fundi með SÍK. Hann benti á að æskilegt væri að formaður SÍK myndi sitja fundi íþróttaráðs og einnig að fundargerðir SÍK yrðu lagðar fram á fundum íþróttaráðs.

Eysteinn formaður sleit fundi. Fundi slitið kl 18:19